

SAMAN TIL SJÁLFBÆRNI Á NORÐURSLÓÐUM

FORMENNSKA ÍSLANDS
Í NORÐURSKAUTSRÁÐINU
2019-2021



ARCTIC COUNCIL

SAMAN TIL SJÁLFBÆRNI Á NORÐURSLÓÐUM

Yfirskrift formennsku Íslands í Norðurskautsráðinu vísar til þess að meginviðfangsefni ráðsins krefjast samvinnu yfir landamæri. Hún minnir líka á að að starf ráðsins hefur frá upphafi snúist öðru fremur um að tryggja sjálfbæra þróun á svæðinu.

Þetta hlutverk Norðurskautsráðsins hefur aldrei verið brýnna en nú. Umhverfi norðurslóða tekur örum breytingum. Vegna hlýnandi loftslags hækkar hitastig sjávar, hafís minnkar og jöklar hopa. Miðað við spár vísindamaðna má búast við ómældum áhrifum á viðkvæmt vistkerfi lands og sjávar. Um leið gætu breyttar aðstæður leitt til aukinna siglinga og sóknar í náttúruauðlindir.

Fyrir þær fjórar milljónir manna sem búa á norðurslóðum er áriðandi að spornað sé við neikvæðum áhrifum þessara breytinga og jafnframt tryggt að þau tækifæri sem í þeim kunna að felast verði nýtt með sjálfbærum hætti. Gæta þarf jafnvægis milli umhverfisþátta, félagslegra þátta og efnahagslegra þátta – hinna þriggja stoða sjálfbærrar þróunar – eins og lagt er upp með í heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna.



FORMENNSKA ÍSLANDS

Í formennskutíð Íslands verður byggt á því góða starfi sem unnið hefur verið á vettvangi Norðurskautsráðsins á liðnum árum. Margvíslegum verkefnum vinnuhópanna verður haldið áfram. Auk þess verða ný verkefni kynnt til sögunnar en í starfsáætlun ráðsins fyrir tímabilið 2019-2021 eru talin upp hátt í hundrað verkefni.

Með sjálfbæra þróun að leiðarljósi beinir íslenska formennskan kastljósinu sérstaklega að þremur áherslusviðum: **málefnum hafsins, loftslagsmálum og endurnýjanlegri orku**, og **fólkinu á norðurslóðum**. Auk þess leitast Ísland við að **styrkja starfsemi Norðurskautsráðsins** enn frekar, jafnt inn á við sem út á við.

Málefni norðurslóða snerta nær alla þætti íslensks samfélags. Fá ríki hafa jafn mikla hagsmuni af hagfelldri þróun á svæðinu, enda telst landið allt og stór hluti efnahagslögsögunnar innan hefðbundinna marka norðurslóða. Íslensk stjórnvöld fagna því tækifæri sem formennska í Norðurskautsráðinu felur í sér til að taka leiðandi þátt í að treysta samvinnu í þágu svæðisins og íbúa þess.



Tækifæri til sjálfbærs vaxtar felast
í bættri nýtingu á sjávarfangi.



MÁLEFNI HAFSINS

Höf þekja meginhluta þess svæðis sem telst til norðurslóða og talsverður hluti íbúanna byggir afkomu sína á nýtingu auðlinda sjávar. Vegna stöðu Íslands sem eyríkis og mikilvægis sjávarútvegs í íslensku samfélagi er nærtækt að leggja áherslu á málefni hafsins á formennskutímabilinu.

Vinnuhópar Norðurskautsráðsins hafa um árabil unnið mikilvægt starf við að meta ástand hafsins, með tilliti til verndar og nýtingar, og verður því fram haldið.

Vakning hefur orðið á síðustu árum varðandi magn plastúrgangs í höfum heimsins. Norðurskautsráðið hefur unnið frumathugun á umfangi úrgangs í norðurhöfum og á formennskutímabili Íslands verður unnið að mótun áætlunar um aðgerðir til að stemma stigu við þeim vanda. Íslensk stjórnvöld hyggjast efna til alþjóðlegrar vísindaráðstefnu í Reykjavík vorið 2020 þar sem varpað yrði ljósi á eðli og útbreiðslu plastmengunar í sjó, áhrif hennar á lífríkið og mögulegar lausnir. Einnig er til skoðunar að bjóða til ráðherrafundar um málefni hafsins.

Ísland hefur náð miklum árangri í sjálfbærri nýtingu á auðlindum hafsins og hefur um árabil miðlað þekkingu á því sviði. Í samstarfi við fleiri aðildarríki er stefnt að því að hleypa af stokkunum verkefni sem miðar að því að kortleggja sóknarfæri sem felast í bláa lífhagkerfinu á norðurslóðum. Leitast verður við að greina tækifæri til sjálfbærs vaxtar með því að bæta nýtingu á sjávarfangi og ná auknum verðmætum úr aflanum.

Siglingar og haftengd ferðaþjónusta eru vaxandi atvinnugreinar á norðurslóðum og bjóða upp á margvíslega möguleika. Jafnframt kalla aukin umsvif í norðurhöfum á ráðstafanir til að efla mengunarvarnir og getu til leitar og björgunar. Æfingar á grundvelli samninga Norðurskautsríkjanna um leit og björgun og um varnir gegn olíumengun eru haldnar með reglulegu millibili. Landhelgisgæslan tekur þátt í þeim æfingum og er jafnframt aðili að samráðsvettvangi strandgæslustofnana á norðurslóðum þar sem Ísland gegnir formennsku á sama tímabili og í Norðurskautsráðinu.

LOFTSLAGSMÁL OG ENDURNÝJANLEG ORKA


Ummerki um loftslagsbreytingar eru hvergi jafn sýnileg og á norðurslóðum þar sem hækkun hitastigs hefur á síðustu áratugum verið meira en tvöföld á við meðaltalið á heimsvísu.

Hlýnun veldur nú þegar áþreifanlegum og víxlverkandi breytingum á náttúruferlinum. Nefna má hopun íss og snævar, innstreymi ferskvatns til Norður-Íshafsins og súrnun sjávar. Allt hefur þetta áhrif á samfélög og efnahagslíf á svæðinu. Viðbrögð við afleiðingum loftslagsbreytinga eru því brýnt viðfangsefni fyrir Norðurskautsríkin sem hvert fyrir sig grípa til ráðstafana á grundvelli eigin skuldbindinga.


Norðurskautsráðið mun áfram leggja áherslu á vöktun og greiningu, sem og að efla viðnámsþol vegna áhrifa loftslagsbreytinga. Vinnu sem miðar að því að draga úr losun skammlífra mengunarefna, svo sem sóts og metans, verður haldið áfram. Áheyrnaríki hafa tekið virkan þátt í verkefnum á þessu sviði og vill Ísland hvetja fleiri áheyrnaraðila til þess.

Nýlegt samstarf við Alþjóðaveðurfræðistofnunina mun styrkja grundvöllinn að vinnu Norðurskautsráðsins að loftslagsmálum. Í tengslum við aldarafmæli Veðurstofu Íslands verður sjónum einnig beint að hlýnun loftslags, hopun íss og snævar.

Skipti úr jarðefnaeldsneyti yfir í endurnýjanlega orkugjafa eru nauðsynleg eigi að takast að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og bæta loftgæði. Á vettvangi Norðurskautsráðsins hefur verið stutt við miðlun þekkingar varðandi hagkvæmar lausnir til orkuskipta í litlum og afskekktum samfélögum á norðurslóðum. Ísland leggur áherslu á að frekari vinna fari fram á þessu sviði.

An aerial photograph of a forest with a central stream. The forest is dense with green trees, and the stream flows through the center. A dark, semi-transparent text box is overlaid on the right side of the image, containing Icelandic text.

Skipti yfir í endurnýjanlega orkugjafa eru nauðsynleg eigi að takast að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.

A photograph of a man with short dark hair, wearing a dark t-shirt and dark pants, holding a young child with light brown hair. The man is seen from the side, looking out a window. The child is wearing a grey t-shirt and dark pants, and is looking out the window with their hand near their mouth. The scene is lit with soft, natural light from the window. A dark grey semi-transparent box is overlaid at the bottom of the image, containing white text.

Í samfélögum þar sem kraftar allra fá
að njóta sín skapast best skilyrði fyrir
blómstrandi mannlíf og sjálfbæran vöxt.

FÓLKIÐ Á NORÐURLÓÐUM

Á því svæði sem telst til norðurlóða búa alls um fjórar milljónir manna í átta ríkjum. Um tíundi hluti þeirra eru frumbyggjar. Flestir lifa í tiltölulega miklu návigi við náttúruna, eins og raunin er hér á Íslandi, og víða er bæði strjálbýlt og harðbýlt. Efnahagslíf á norðurlóðum hefur að verulegu leyti byggst á nýtingu náttúruauðlinda, allt frá sjávarfangi, spendýrum og fuglum til olíu, gass og málma.

Umhverfisbreytingar orka með margvíslegum hætti á samfélög og lífsafkomu þeirra. Styrkja verður viðnámsþol viðkvæmra byggða í norðri en samfélög frumbyggja eru að ýmsu leyti berskjaldaðri en önnur fyrir þessum breytingum. Varðveita ber hefðbundna þekkingu á staðháttum og verklagi sem erfst hefur kynslóð frá kynslóð. Á sama tíma þarf að grípa tækifæri sem felast meðal annars í tækniþróun og bættum samgöngum til að renna stoðum undir nýsköpun og fjölbreytta atvinnuvegi, með sjálfbærni samfélaga að leiðarljósi.

Íbúar í fjarlægum og fámennum byggðum á norðurlóðum hafa mikinn hag af því að geta sótt þjónustu í gegnum netið, til að mynda fjarkennslu og heilbrigðisþjónustu. Áreiðanlegar fjar-skiptatengingar eru einnig nauðsynlegar fyrir ýmsa atvinnu-starfsemi, leit og björgun, og söfnun vísindalegra gagna. Bæði Norðurskautsráðið og Efnahagsráð norðurlóða hafa unnið greiningar á stöðu fjarskiptamála á norðurlóðum og mögulegum lausnum til að bæta tengingar í afskekktum samfélögum og óbyggðum. Vel fer á því að Efnahagsráðið taki leiðandi hlutverk á þessu sviði, í nánu samstarfi við Norðurskautsráðið. Á síðustu árum hefur ferðamennska aukist umtalsvert á norðurlóðum. Í því geta falist miklir möguleikar en gæta verður að því að vöxtur greinarinnar ógni ekki umhverfinu.

Jafnréttismál eru í öndvegi í íslenskri utanríkisstefnu. Í samfélögum þar sem kraftar allra fá að njóta sín skapast best skilyrði fyrir blómstrandi mannlíf og sjálfbæran vöxt. Ísland heldur áfram á formennskutímanum að leiða verkefni um jafnrétti kynjanna á norðurlóðum. Það felst meðal annars í því að byggja upp tengslanet og vettvang til þekkingarmiðlunar og skoðanaskipta. Sjónum verður einnig beint að líðan ungmenna á norðurlóðum.


STARFSEMI NORÐUR- SKAUTSRÁÐSINS

Ísland mun kappkosta að vera öflugur málsvari norðurslóða og viðhalda þeim góða starfsanda sem ríkt hefur í Norðurskautsráðinu. Náið samráð aðildarríkjanna og fulltrúa frumbyggja er forsenda þess að vel takist til í starfi ráðsins.

Mikilvægt er að hagnýta þekkingu og reynslu frumbyggja og annarra íbúa í norðri og tryggja að tekið sé tillit til sjónarmiða þeirra við stefnumótun og ákvarðanatöku.

Virk þátttaka áheyrnaraðila í ýmsum verkefnum Norðurskautsráðsins sýnir glögg fram á mikilvægi þeirra. Mörg helstu viðfangsefni ráðsins hafa víðtæka skírskotun í alþjóðlegu samhengi og snerta hagsmuni ríkja í fjarlægum heimshlutum. Ísland mun leitast við að styrkja enn frekar hið öfluga samstarf Norðurskautsríkjanna og áheyrnaraðila.

Ísland leggur einnig áherslu á að efla tengslin milli Norðurskautsráðsins og Efnahagsráðs norðurslóða á grundvelli nýrrar samstarfsyfirlýsingar. Efnahagsráðið er skipað fulltrúum atvinnulífsins og skiptast aðildarríkin á að gegna formennsku með sama hætti og í Norðurskautsráðinu. Í tilefni þess að fimm ár verða liðin frá stofnun Efnahagsráðsins haustið 2019 verður efnt til sameiginlegs fundar ráðanna í Reykjavík.

A red boat is seen from a top-down perspective, navigating a narrow channel through a dense field of ice floes. The ice floes are irregular in shape and size, creating a complex, maze-like path. The water in the channel is dark blue, contrasting with the white and light blue of the ice. The boat is positioned in the center of the channel, moving towards the viewer. The overall scene is set in a high-latitude environment, likely the Arctic or Antarctic.

Mörg viðfangsefni Norðurskautsráðsins
hafa alþjóðlega skírskotun og snerta
hagsmuni ríkja í fjarlægum heimshlutum.

Norðurskautsráðið var stofnað árið 1996 í þeim tilgangi að stuðla að sjálfbærri þróun og friðsamlegri samvinnu ríkja á svæðinu, með virkri þátttöku frumbyggja. Það hefur síðan fest sig í sessi sem mikilvægasti samstarfs- vettvangurinn um málefni norðurslóða.

Aðildarríki ráðsins eru átta: Bandaríkin, Finnland, Ísland, Kanada, Konungsríkið Danmörk, Noregur, Rússland og Svíþjóð. Auk þess eiga sex samtök frumbyggja á norðurslóðum sæti við borðið. Prettán ríki eiga áheyrnaraðild að ráðinu, sem og á þriðja tug stofnana og samtaka.

Starf Norðurskautsráðsins fer að miklu leyti fram innan sex vinnuhópa sem hafa lagt umtalsvert til aukinnar þekkingar á umhverfi, lífríki og samfélögum á norðurslóðum. Þar er jafnframt lagður grundvöllur að stefnumarkandi ráðgjöf. Þrír lagalega bindandi samningar hafa verið gerðir á vettvangi Norðurskautsráðsins: um leit og björgun, um varnir gegn olíumengun, og um eflingu alþjóðlegrar vísindasamvinnu.

Norðurskautsríkin skiptast á formennsku í ráðinu til tveggja ára í senn. Ísland gegnir því hlutverki í annað sinn frá vori 2019, en formennskutímabilinu lýkur með ráðherrafundi í Reykjavík í maí 2021.

Frekari upplýsingar eru aðgengilegar á vefsíðu Norðurskautsráðsins, arctic-council.org

 @IcelandArctic #IceArctic

Maí 2019. Útgefið af utanríkisráðuneytinu.
Prentað á umhverfisvottaðan pappír.

**TOGETHER
TOWARDS A
SUSTAINABLE
ARCTIC**

ICELAND'S CHAIRMANSHIP
ARCTIC COUNCIL 2019-2021